

AUGLÝSING

147

1. sept.

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í k-lið 4. gr. laga frá 5. maí 1941, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 skuli breytast sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1941.

Í Reykjavík.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 15. september þ. á.

Utan Reykjavíkur.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera til 1. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 1. september 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

ERINDISBRÉF

148

6. sept.

fyrir bankaráð Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, er fer með landbúnaðarmál. Að öðru leyti annast bankaráð og bankastjóri stjórn bankans.

2. gr.

Bankaráðið skipar bankastjóra og kemur það þá fyrst til framkvæmda, er núverandi bankastjóri lætur af störfum. Enn fremur skipar það, að fengnum tillögum bankastjóra, bókara og féhirði við aðalbankann og stjórnendur útibúa bankans, setur þeim erindisbréf og vikur þeim frá.

3. gr.

Bankaráð skal að jafnaði halda reglulega fundi einu sinni í mánuði, — en annars svo oft sem formaður bankaráðs, meiri hluti bankaráðs eða bankastjóri óskar þess.

Til þess að gerð verði gild ályktun, verða að taka þátt í atkvæðagreiðslu eigi færri en tveir bankaráðsmenn. Þegar jöfn eru atkvæði sker atkvæði formanns úr. Svo skal og vera þegar jöfn eru atkvæði, er bankaráð og bankastjóri gera ályktun um þau mál, sem þeim ber að ráða fram úr sameiginlega.

Bankastjóri á rétt á að sitja fundi bankaráðs, taka þátt í umræðum og bera fram tillögur, nema í málum, er snerta hann sjálfan persónulega.

Á hverjum reglulegum fundi skal bankastjóri leggja fram þau skjöl og skilríki um hag og rekstur bankans, er bankaráð telur nauðsynleg til þess að geta haft fullkomnið eftirlit með starfsemi hans.